

Dagsuppgjör úr sjóðsvél

1 ALMENNT

Vinnulýsingin tengist VR-0015 Tekjuferlar – Dagsuppgjör sjóðsvél og lýsir því ferli sem fara skal eftir þegar skólaritari gerir dagsuppgjör úr sjóðsvél og gengur frá því til fjármálastjóra. Lýsingin gerir einnig grein fyrir því ferli sem fjármálastjóri fer eftir þegar hann tekur við dagsuppgjörunu.

Skólaritari ber ábyrgð á að gera dagsuppgjör úr sjóðsvél og fara með það til fjármálastjóra.

Fjármálastjóri ber ábyrgð á að taka við dagsuppgjörunu og ganga frá því.

2 FRAMKVÆMD

2.1. SKÓLARITARI

1. Heildarlisti er tekinn úr sjóðsvél einu sinni til tvisvar í viku þar sem kemur fram sundurliðuð sala.
2. Heildarlisti er tekinn úr posa og posinn þannig núllaður fyrir næsta dag.
3. Mynt og seðlar talin og stemmt við heildarlista úr sjóðsvél.
4. Heildarlistar úr sjóðsvél og posa bornir saman og kortasala þannig stemmd af.
5. 17.500 krónur skildar eftir í sjóðsvél sem skiptimynt.
6. Sala dagsins er sundurliðuð á uppgjörslaði undir Skjalasafn: 1.1.6
7. Uppgjörslaði, heildarlistum og sölu dagsins í peningum skilað í tösku til fjármálastjóra.

2.2. FJÁRMÁLASTJÓRI

1. Dagsuppgjör fengið frá skólaritara.
2. Peningar í uppgjörstösku taldir og bornir saman við uppgjörslað frá skólaritara.
3. Innleggsmiði fyrir banka fylltur út og settur í tösku.
4. Á u.þ.b. tveggja vikna fresti er farið með innleggið í banka og kvittun fyrir innleggi kemur í tölvupósti.
5. Kvittun fyrir innleggi borin saman við viðeigandi uppgjörslað úr sjóðsvél.
6. Þetta tvennt er heftað saman og notað sem fylgiskjal í bókhaldinu.
7. Farið með til bókara og fært til bókar þar.

Dagsuppgjör úr sjóðsvél

3 TILVÍSANIR

VR-0015 Tekjuferlar – Dagsuppgjör sjóðsvél

Skjalasafn: 1.1.6

4 BREYTINGAR